



Háttvirtur Alþingismaður
150. löggjafarþing 2019 – 2020

Reykjavík, 26. september 2019

Málefni: Skerðing á fjárveitingu til hjúkrunarheimila og dagdvala

Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu (SFV) eru samtök fyrirtækja, félagasamtaka og sjálfseignarstofnana sem eru ekki ríkisstofnanir og starfa á heilbrigðisviði samkvæmt þjónustusamningi eða öðrum tengdum greiðslum frá ríkinu. Samtökin voru stofnuð árið 2002 og eru aðildarfélögin orðin 47. Meðal aðildarfélaga eru Hrafnistuheimilin, Grund hjúkrunarheimili, Krabbameinsfélag Íslands, SÁÁ o.fl. Greiðslur ríkisins til aðila innan SFV nema hátt í 15% af heildarútgjöldum ríkisins til heilbrigðismála á ári. Aðildarfélög samtakanna mynda samanlagt fjölmennasta vinnustað sjúkraliða á landinu og næst fjölmennasta vinnustað hjúkrunarfræðinga (á eftir Landspítalanum). Um 32% sjúkraliða landsins starfa hjá aðildarfélögum SFV og um 10% hjúkrunarfræðinga.

Frumvarp til fjárlaga ársins 2020 var lagt fram á Alþingi þann 10. september sl. Fjárlög ársins 2018, 2019 og þau fjárlög sem nú hafa verið lögð fram fyrir árið 2020 fela í sér niðurskurð á núverandi rekstri nánast allra hjúkrunarheimila landsins. Frumvarpið felur einnig í sér niðurskurð hjá rekstraraðilum dagdvalarþjónustu í landinu, hvort sem um er að ræða almennar dagdvalir eða sérhæfðar dagdvalir fyrir sérstaka sjúklingahópa eins og einstaklinga með alzheimer eða MS sjúkdóminn. Samkvæmt fyrirbyggjandi fjárlagafrumvarpi¹ og fjármálaáætlun fyrir árin 2020 – 2024² á að halda niðurskurðinum áfram á árinu 2020 og 2021.

Skerðing á rekstrarframlagi til hjúkrunarheimila

SFV komu að gerð rammasamnings Sjúkratrygginga Íslands (hér eftir nefndar SÍ) fyrir þjónustu hjúkrunarheimila, en samningurinn er stærsti einstaki samningur sem SÍ eru með við veitendur heilbrigðisþjónustu. Rammasamningurinn rann út þann 31. desember 2018 en samningsaðilar, þ.e. samninganefnd SFV og Sambands íslenskra sveitarfélaga og SÍ, náðu ekki saman um framlengingu hans.

Viðræður um upphaflega gerð rammasamnings SÍ tóku um 20 mánuði á sínum tíma, en hann var undirritaður í árslok 2016. Helsta ástæðan fyrir því hve langan tíma tók að semja, er að það vantaði um 30% upp á þáverandi daggjöld hjúkrunarheimila til að þau gætu staðið undir þeim lágmarksviðmiðum sem Embætti landlæknis hefur sett fram um mönnun

¹ Sjá minnisblað SFV um fjárlög ársins 2020 í fylgiskjali 1.

² Sjá umsögn SFV um fjármálaáætlunina í fylgiskjali 2.

hjúkrunarfræðinga, sjúkraliða og annarra starfsmanna á hjúkrunarheimilum. Að endingu var sérstaklega um það rætt og gert skriflegt samkomulag þess efnis að einhver smá viðbót yrði á rekstrarframlögum og að skoðuð yrði fjármögnun rammisamningsins og rekstur hjúkrunarheimila almennt á samningstímanum. Allir þáverandi alþingismenn voru svo upplýstir um þennan skort á fjárveitingu til hjúkrunarheimila með bréfi í árslok 2016.³

Áfangaskýrsla frá greiningardeild SÍ birtist í febrúar 2018 þar sem fram kemur að hækka þurfi greiðslur hjúkrunarheimila umtalsvert til að viðmiðum Landlæknis verði náð. Einnig kom fram í skýrslunni að aukið rekstrarfé til hjúkrunarheimila skili sér beint til íbúa heimilanna með aukinni og fjölbreyttari heilbrigðisþjónustu og betri aðbúnaði.⁴

Í stjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnar er sérstaklega komið inn á rekstur hjúkrunarheimila, væntanlega út af þeirri umræðu sem kom upp við gerð rammisamningsins 2016. Þar segir orðrétt: „**Einnig verður hugað að því að styrkja rekstrargrundvöll hjúkrunarheimila.**“ Hins vegar, í stað þess að bæta við rekstrarfé hjúkrunarheimila undanfarin ár, hefur rekstrarfé hjúkrunarheimilanna ítrekað verið skert. Ef frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2020 verður samþykkt óbreytt, munu hjúkrunarheimilin og dagdvalarstofnanir missa af um **1,3 milljarði króna** af rekstrarfé sínu árunum 2018 – 2020. Rekstrarfé til hjúkrunarheimila verður um **700 milljónum króna** lægra á árinu 2020, en það hefði verið ef ekki hefði komið til umræddra skerðinga.⁵ Samt á að skerða það aftur árið 2021.

Skerðing á rekstrarframlagi til dagdvala

Í byrjun árs 2018 hófust einnig viðræður milli Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Sjúkratrygginga Íslands um gerð rammisamnings fyrir þjónustu í dagdvalarrýmum. Enginn slíkur samningur er til staðar um þessa þjónustu í dag. Í viðræðunum hefur komið fram að það vantar að lágmarki 30% hækkun á núverandi daggjaldi til að rekstur almennra dagdvalarrýma í samræmi við kröfulýsingu heilbrigðisráðuneytisins gangi upp. Þessi niðurstaða var kynnt samningsaðilum vorið 2018 og hefur ekki verið haldinn samningafundur milli aðila síðan þá. Þrátt fyrir þetta á að halda viðvarandi niðurskurði áfram í framlögðu fjárlagafrumvarpi.

Er þetta vilji ykkar alþingismanna ?

Ekki er að sjá annað af fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar og fjárlagafrumvarpi ársins 2020 en að hjúkrunarheimilin og dagdvalirnar sem lentu í niðurskurði á árinu 2018 og 2019, eigi að gera það aftur árið 2020 og enn aftur árið 2021. Þessi niðurskurður er fyrir utan þær nýju kröfur sem ítrekað eru lagðar á rekstraraðilana án þess að fjármagn fylgi til að standa undir þeim (má þar til dæmis nefna nýja persónuverndarlöggjöf). Setning nýrra krafna með þeim hætti, felur auðvitað í sér frekari niðurskurð á þeirri þjónustu sem fyrir er.

SFV telja rétt að upplýsa þingmenn um þessa stöðu áður en afgreiðsla fjárlaga ársins 2020 verður frágengin. Þessi skerðing á greiðslum sem fara á í, mun skila sér í skertri þjónustu til aldraðra og veikra í samfélaginu. Þjónusta sem þegar er aðþrengd í kjölfar mikils niðurskurðar á undanförunum tíu árum. **Aðildarfélög Samtaka fyrirtækja í**

³ Sjá fylgiskjal 3.

⁴Sjá fylgiskjal 4.

⁵ Sjá fylgiskjal 1.

velferðarþjónustu lýsa yfir miklum vonbrigðum með þessa stefnu og skora á þingmenn að láta það ekki gerast.

Aðildarfélög SFV eru:

Ás hjúkrunarheimili, Hveragerði
Brákarhlíð hjúkrunarheimili, Borgarnesi
Dalbær heimili aldraðra í Dalvíkurbyggð
Droplaugarstaðir hjúkrunarh., Reykjavík
Dvalarheimili aldraðra Stykkishólmi
Dvalarheimilið Fellaskjól, Grundarfirði
Eir hjúkrunarheimili, Reykjavík
Fellsendi hjúkrunarheimili, Dalasýslu
Grenilundur hjúkrunarheimili, Grenivík
Grund hjúkrunarheimili, Reykjavík
Hamrar hjúkrunarheimili, Mosfellsbæ
Heilbrigðisstofnun Suðausturlands
HEM heimahjúkrun barna, Reykjavík
Hjallatún hjúkrunarheimili, Vík í Mýrdal
Hlíðabær dagþjálfun, Reykjavík
Hornbrekka heimili aldraðra, Ólafsfirði
Hrafnista, Hafnarfirði
Hrafnista, Hlévangi
Hrafnista Ísafold, Garðabæ
Hrafnista, Kópavogi
Hrafnista, Nesvöllum
Hrafnista, Reykjavík
Hraunbúðir hjúkrunarh., Vestmannaeyjum
Hulduhlíð hjúkrunarheimili, Eskifirði

Hvammur hjúkrunarheimili, Húsavík
Höfði hjúkrunarheimili, Akranesi
Jaðar dvalarheimili, Ólafsvík
Kirkjuhvoll hjúkrunarheimili, Hvolsvelli
Krabbameinsfélag Íslands
Lundur hjúkrunar – og dvalarheimili, Hellu
MS setrið
Múlabær dagþjálfun, Reykjavík
Mörk hjúkrunarheimili, Reykjavík
S.Á.Á.
Seljahlíð hjúkrunarheimili, Reykjavík
Seltjörn hjúkrunarheimili, Seltjarnarnesi
Silfurtún hjúkrunarheimili, Dalabyggð
Sjálfsbjargarheimilið, Reykjavík
Skjól hjúkrunarheimili, Reykjavík
Skógarbær hjúkrunarheimili, Reykjavík
Sólheimar, Grímsnesi
Sóltún hjúkrunarheimili, Reykjavík
Sólvangur, Hafnarfirði
Sólvellir, heimili aldraðra Eyrarbakka
Sundabúð hjúkrunarheimili, Vopnafirði
Sunnuhlíð hjúkrunarheimili, Kópavogi
Uppsáir hjúkrunarheimili, Fáskrúðsfirði
Öldrunarheimili Akureyrarbæjar

Ef þú hefur áhuga á að kynna þér málefni SFV frekar, þá er velkomið að hafa samband við undirritaða aðila eða skrifstofu samtakanna.

Virðingarfyllst

Pétur Magnússon,
formaður SFV

Eybjörg Hauksdóttir,
framkvæmdastjóri SFV

Fylgiskjöl:

1. Minnisblað SFV vegna fjárlagafrumvarps ársins 2020
2. Umsögn SFV við þingsályktunartillögu um fjármálaáætlun 2020 – 2024
3. Bréf SFV til þingmanna í desember 2016.
4. Skýrsla rekstrarlíkanshóps SÍ frá febrúar 2018.